

Úthlutunarreglur

1. gr.

Auglýsing

Stjórn Fiskeldisjóðs auglýsir ár hvert eftir umsóknum frá styrkhæfum sveitarfélögum um styrki úr sjóðnum.

Í auglýsingu skal taka fram hvaða kröfur eru gerðar til umsókna og hvaða gögn skuli fylgja þeim. Skulu umsóknirnar vera í samræmi við reglur þessar.

Jafnframt skal í auglýsingu gera grein fyrir þeim verkefnum sem stjórn sjóðsins hyggst forgangsraða í tengslum við sérhverja úthlutun.

2. gr.

Styrkhæfi verkefna

Styrkir úr sjóðnum eru eingöngu ætlaðir sveitarfélögum til verkefna sem eru til þess fallin að byggja upp innviði og þjónustu á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað og þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Verkefni skal falla að áherslum sjóðsins sem settar eru fram í auglýsingu á hverju ári. Áherslur sjóðsins geta tekið breytingum á milli ára. Ekki er heimilt að veita styrki til verkefna sem þegar er lokið. Verkefni skal hefjast eigi síðar en ári frá því að samningur um styrk er undirritaður.

Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur eða eftir öðrum leiðum en tilgreindar eru í auglýsingu eru ekki teknar til umfjöllunar.

3. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Umsóknum skal skilað inn rafrænt í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins. Til að umsókn teljist fullnægjandi skal henni fylgja:

- a. Lýsing á markmiðum verkefnisins
- b. Ítarleg og sundurliðuð framkvæmdar- og kostnaðaráætlun um þá verkþætti eða verkefni sem sótt er um styrk til.

Í umsókn skal koma fram hvort líklegt sé að sótt verði um framhaldsstyrk vegna verkefnisins og skulu þá atriði sem fram koma í a. og b. lið einnig ná til verkefnisins í heild.

Þegar sótt er um styrk til verkefnis, sem áður hefur hlotið styrk úr Fiskeldissjóði, skal liggja fyrir lokaskýrsla vegna fyrri áfanga og/eða greinargott yfirlit um ásætlanlega framvindu verkefnisins að mati stjórnar.

Í samræmi við 29. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna safnar matvælaráðuneytið kyngreindum tölfræðigögnum um sjóði og skal stjórn því óska eftir þeim upplýsingum á umsóknareyðublaði. Ráðuneytið safnar einnig upplýsingum um skiptingu styrkra verkefna á milli landshluta og skal stjórn óska eftir þeim upplýsingum á umsóknareyðublaði.

4. gr.

Viðmið við úthlutun

Stjórn sjóðsins leggur faglegt mat á umsóknir og skal verkefnum forgangsraðað í samræmi við hlutverk sjóðsins skv. lögum sem og áherslur hans hverju sinni.

Stjórn skal leggja mat á markmið verkefnisins með tilliti til eftirfarandi mælikvarða:

- a. Lýsing ófullnægjandi
- b. Lýsing í lagi en markmið óskýr eða óljós
- c. Lýsing vel unnin og markmið skýr
- d. Lýsing mjög vel unnin og markmið mjög skýr

Stjórn skal leggja mat á framkvæmdar- og kostnaðaráætlun með tilliti til eftirfarandi mælikvarða:

- a. Áætlun ekki til staðar
- b. Áætlun ekki nægilega vel unnin og/eða óraunhæf
- c. Áætlun nokkuð vel unnin og raunhæf
- d. Áætlun mjög vel unnin og raunhæf

Ef umsókn fellur undir a. eða b. lið 2. mgr. eða a. eða b. lið 3. mgr. ákvæðisins telst hún ekki styrkhæf.

Við mat á umsóknum skal einnig líta til þátta sem varða uppbyggingu innviða og þjónustu á umsóknarsvæðum. Stjórnin metur verkefnin með hliðsjón af eftirfarandi áherslum varðandi uppbyggingu innviða og þjónustu:

- 1. Áhrif á samfélagið, þróun byggðar og búsetu á svæðinu
- 2. Áhrif á uppbyggingu og fjölbreytni atvinnulífs
- 3. Tenging við sjókvíeldi
- 4. Tenging við umhverfis- og losunarsjónarmið
- 5. Nýsköpun

Þættir 1. – 5. hafa mismunandi vægi í samræmi við áherslur stjórnar sjóðsins og skulu metnir út frá eftirfarandi fimm þáttum:

- a. Engin
- b. Lítil
- c. Nokkur
- d. Mikil
- e. Afgerandi

Stjórn sjóðsins getur leitað umsagna og upplýsinga frá opinberum aðilum varðandi tilteknar umsóknir, sem og sérfræðiþjónustu utanaðkomandi sérfræðinga á sviði innviðauppbyggingar og þjónustu sveitarfélaga við mat á umsóknum. Matsblað sem sýnir innbyrðis vægi hvers þáttar fylgir úthlutunarreglum.

Ef samþykktar umsóknir nema hærri fjárhæð en er til úthlutunar hverju sinni skerðist hver styrkur hlutfallslega í samræmi við innbyrðis mat umsókna.

Við úthlutun áskilur stjórn sér rétt til að setja hámark á styrki til verkefna með hliðsjón af úthlutunarfjárhæð og umfangi umsókna hverju sinni.

5. gr.

Framkvæmd úthlutunar og eftirfylgni

Stjórn sjóðsins skal taka ákvörðun um styrkveitingar úr sjóðnum. Um málsmeðferð við ákvarðanir um veitingu styrkja gilda ákvæði stjórnsýsluslaga nr. 37/1993.

Ákvarðanir um styrkveitingar skulu byggðar á niðurstöðu faglegs mats á umsóknum og með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett hafa verið sjóðnum. Ákvarðanir stjórnar eru endanlegar á stjórnsýslustigi. Stjórn sjóðsins gerir ráð fyrir fimm vikum til að fara yfir umsóknir og þrem vikum eftir það til að ganga frá undirritun samnings.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun úr sjóðnum skal öllum umsækjendum tilkynnt um það skriflega og styrkhöfum jafnframt tilkynnt um upphæð styrks. Stjórn sjóðsins skal í kjölfarið tilkynna um úthlutun á heimasíðu sjóðsins.

Gera skal samninga til eins árs við styrkhafa. Í samningnum skal gerð grein fyrir skilyrðum styrkveitingarinnar, hlutverkum aðila samningsins og ákvæðum um vanefndir.

Styrkhafi skal, eftir því sem við á, og í samræmi við samninginn, skila skýrslu til stjórnar um framvindu verkefnisins, frávik frá upphaflegum áætlunum, ef einhver eru, og verklok. Upplýsa skal stjórn sjóðsins um allar meiriháttar breytingar á framkvæmdar- og kostnaðaráætlun vegna verkefnisins og er stjórn heimilt að samþykkja þær breytingar enda telji stjórn þær málefnalegar.

Að jafnaði skal greiða styrkhafa 50% styrkupphæðar við undirritun samnings og eftirstöðvar skulu greiddar þegar verklok eða eðlileg framvinda verkefnisins hefur verið staðfest af stjórn.

Stjórn sjóðsins getur yfirfarið verkefni og kallað eftir upplýsingum þegar hún telur ástæðu til. Jafnframt er henni heimilt að nýta sérfræðipjónustu utanaðkomandi sérfræðinga við eftirfylgni með verkefnum.

Styrkir eru veittir til eins árs í senn. Stjórn sjóðsins getur hins vegar ákveðið að veita styrk að nýju til sama verkefnis, að fenginni umsókn þar um, enda sé verkefnið þess eðlis að það taki lengri tíma en eitt ár að ljúka framkvæmd þess.

6. gr.

Vanefndir og endurúthlutun styrkja

Brot styrkhafa á gerðum samningum eða öðrum skilmálum um úthlutun styrkja úr Fiskeldissjóði veitir stjórn sjóðsins heimild til að stöðva greiðslur til styrkhafa, fella niður styrk og/eða krefjast fullrar endurgreiðslu þegar styrkhafi hefur fengið hluta styrksins greiddan fyrir fram.

Ef til þess kemur að styrkur er felldur niður vegna vanefnda skal veitt styrkfjárhæð renna til baka í sjóðinn til endurúthlutunar. Það sama gildir þegar styrkhafi er krafinn um endurgreiðslu.

Samþykkt í stjórn Fiskeldissjóðs 12. janúar 2023.